



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

21. október 2013

Efni: Tillögur að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 vegna aðalskipulags Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga. Endanlega afgreiðsla sveitarstjórna skv. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætлана nr.105/2006.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins fjallaði á fundi sínum þann 18. október sl. um auglýstar breytingartillögur, innkomnar athugasemdir og umfjöllun fagráðs svæðisskipulagsnefndar um þær.

Tillögurnar voru auglýstar samhliða tillögum að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogs frá og með 9. ágúst til og með 20. september 2013. Athugasemdir bárust frá 14 aðilum. Einnig lá fyrir umsögn Skipulagsstofnunar frá 25. júní.

Fagráðs svæðisskipulagsnefndar fjallaði um innkomnar athugasemdir og lagði fram tillögur um viðbrögð við þeim sem fela í sér eftirfarandi breytingar á greinargerð:

- Kafli 3.7. Álfsnes. Sorpurðunarsvæði. Bætt verði í texta greinargerðar eftirfarandi:
Við nánari útfærslu á gasgerðarstöð verði hugað sérstaklega að sjónrænum áhrifum.
- Kafli 3.11. Þríhnúkar. Bætt verði inn í texta greinargerðar eftirfarandi fyrirvara:
Niðurstöður úr heildarendurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins þurfa að liggja fyrir áður en teknar eru frekari ákvarðanir um framkvæmdir við Þríhnúka þannig að unnt verði að leggja mat á það hvað sé ásættanlegt að fari þar fram m.t.t. grunnvatns og vatnsbóla.
- Kafli 3.12.5 Landbúnaðarsvæði, opin svæði og græni trefillinn á Kjalarnesi.
Horfið verði frá breytingum á Græna treflinum í svæðisskipulagstillögunni, allt frá mynni Kollafjarðar að sveitarfélagsmörkum í norðri. Afmörkun Græna trefilsins á þessu svæði verði áfram skematísk og óbreytt frá gildandi svæðisskipulagi.
- Kafli 3.12.6. Skilgreining á skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Bætt verði í texta að skíðasvæðið í Bláfjöllum er innan vatnsverndarsvæðis.
- Kafli 3.13. Vistvænar samgöngutengingar í Fossvogi og Elliðaárósi. Bætt verði við texta eftirfarandi:
Við nánari útfærslu er mikilvægt að tryggja nægjanleg vatnsskipti í Fossvoginum.

Einnig lagði fagráð til lítilsháttar breytingar á umhverfisskýrslu.

Svæðisskiplagsnefnd samþykkti að leggja tillöguna fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar sk.v 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætлана nr. 105/2006, með þeim lagfæringum sem fagráð leggur til.

Með vísun í framangreint er afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar hér með send aðilar sveitarfélögum að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til afgreiðslu í samræmi við 2. mgr. 25. greinar skipulagslaga.

Í ljósi þess hversu svæðisskipulagsferlið er tafsammt er þess óskað að sveitarfélögin hraði afgreiðslu þessa máls eins og kostur er. Undirritaður óskar eftir því að kynna málið í fagnefndum sveitarfélaga sem fjalla um málið við afgreiðslu þess.

Öll fylgigögn má nálgast á Gagnagátt SSH á slóðinni <http://www.ssh.is>

Þar til gerð mappa heitir **Fundur svæðisskipulagsnefndar**

Aðgangsorð : skipulag

Lykilorð : skipulag2013

Virðingarfyllst,



F.h. stýrihóps, Hrafnkell Á. Proppé

Fylgigögn:

- a) Fundargerð svæðisskipulagsnefndar dags. 18. okt. 2013
- b) Greinargerð fagráðs svæðisskipulagsnefndar dags 16. okt. 2013
- c) Auglýstar breytingartillögur svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, dags. 10.07.2013.
- d) Umhverfisskýrsla, júlí 2013